

skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Meðferð málsins í héraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt að vera:

Hinn ákærði, Árni Jónsson, á að sæta 1 árs betrunarhússvinnu, að öðru leyti á dómur undirréttarins óraskaður að standa. Hinum ákærða ber að greiða allan löglegan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desbrmán.

Nr. 23/1881.

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 22. septembermán. þ. á. af sýslumanni Kristjáni Jónssyni sem settum dómara, var bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson fyrir meiðandi ummæli um bæjarfógeta E. Th. Jónassen, sem stóðu í 12. bl. »Þjóðólfs« þ. á., dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 30 daga, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, og til að greiða E. Th. Jónassen bæjarfógeta 15 kr. í málskostnað. Svo eru og hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 5. oktbrmán. næstl. og krafist fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá rétti,

en til vara, að hann verði dæmdur sykn af kærum og kröfum hins stefnda, bæjarfógeta E. Th. Jónassens, í þessu máli, og hinn stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum. Hins vegar hefir hinn stefndi, bæjarfógeti E. Th. Jónassen, krafist, að áfrýjandinn verði dæmdur til fangelsishegningar eður í hærri sekt en undirrætturinn hefir ákveðið, að hin meiðandi ummæli verði dæmd dauð og marklaus, og að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum skaðlaust, eins og malið ekki hefði verið gjafsókn-armál.

Tildrög máls þessa eru þau, að í 12. blaði Þjóðólfs þ. á. stóð grein ein með fyrirsögn: »Friðun æðarfugls í Reykjavík«, og segir hún svo: »Herskipið danska »Ingólfur«, sem hér liggur á sumrum, mestmegnis á höfnum, hefir skotið fallbyssum kvöld og morgun, og er það víst nógu nálægt Engey, hvar mikið varp er. Foringinn á þessu skipi er sannarlega ekki of lesinn í lögum vorum, eða skeytir þeim ekki, og yfirvöld vor daufheyrð við lagabrotum, þegar danskir eiga í hlut«. Niðurlag þessarar greinar þótti meiðandi fyrir hinn stefnda, sem er bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík, og bauð landshöfðinginn yfir Íslandi honum því að höfða mál gegn áfrýjanda, sem er ábyrgðarmaður blaðsins, útaf þessu, og veitti honum í því skyni gjafsókn. Fyrir yfirdómi hefir hinn stefndi einnig fengið gjafsókn og sér talsmann settan.

Að því nú fyrst snertir þá kröfu áfrýjanda, að málinu verði vísað frá rétti fyrir þá sök, að hinn stefndi hafi ekki verið nefndur á nafn í téðri blaðgrein, og því ekki sé réttur málsaðili, þá verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum samdóma um, að með því í greininni er átt við lagabrot, sem, ef það hefði átt sér stað, hlaut að

vera framið í Reykjavík, eða lögsagnarumdæmi því, sem hinn stefndi er skipaðnr bæjarfógeti í, og því á að annast um, að fyrirmælum laganua þar sé hlýtt, þá hafi legið beint við fyrir hinn stefnda að álíta, að nefndri grein væri sérstaklega beint til hans. Yfirdómurinn verður því að álíta, að hinn stefndi sé réttur sóknaraðili þessa máls; en þótt það ekki hefði verið, þá var það ekki frávísunarástæða, heldur hefði það verið sýknunarástæða fyrir áfrýjanda.

Sýknarkröfu sinni til stuðnings hefir áfrýjandi haldið því fram, að hin ofangreindu orð séu ekki meiðandi. En þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhýlst, þareð með þeim er ekki einungis dróttað að hinum stefnda, að hann vanræki embættisskyldu sína með því að daufheyrast við lagabrotum, heldur líka gefið í skyn, að hann sé vilhallur; þau eru því hegningarverð eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegningin eftir nefndri lagagrein hæfilega metin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í héraði skal undirréttardómnum óraskað, og svo er og um það ákvæði hans, að hin meiðandi ummæli skuli dauð og ómerk. Eftir málavöxtum ber áfrýjanda einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi hins stefnda, sem þykir hæfilega metinn 15 kr., og eru í þeirri upphæð fólgin málsvarnarlaun 12 krónur.

Að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál vottast, að meðferð þess fyrir undirréttinum hefir verið vítalaus og flutningur þess við yfirdóminn lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, Kr. Ó. Þorgrímssyni, ber að lúka 50 kr. sekt, er renni í landssjóð, eða ef sekin ekki er greidd

í ákveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Um málskostnað fyrir undirdómi og ómerking hinna meiðandi ummæla skal undirréttardómnum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefnda með 15 kr., eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi hins stefnda, og þar á meðal 12 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda við yfirdóminn, málaflutningsmanns Þorsteins Jónssonar.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desbrmán.

Nr. 26/1881.

Réttvísín
gegn

Jónasi Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að útvegaðar verði þær ítarlegri skýrslur, er hér segir:

1. skýrsla hins ákærða um kindur þær, sem hann segist hafa stolið haustið 1879 í Barnaborgarhrauni með marki prestsins síra Snorra Norðsfjörðs, um einkenni og lit á þeim, og sérstaklega um, hvort þær muni hafa verið markaðar upp úr öðru marki; einnig skýrsla frá nefndum presti fyrir rétti um einkenni og lit á kindum þeim með sínu marki, sem hann hafi mist nefnt haust, loks nákvæmari skýrslu frá Gísla bónda Magnússyni á Hraunsmúla um kindarkroppa þá, sem hann fekk hjá hinum ákærða;
2. skýrsla hins ákærða um einkenni og lit á þeim 2 kindum, sem hann segist hafa stolið sama haust úr